

4. fundur fræðslunefndar ársins 2011 vegna Undralands, haldinn 25. maí 2011 í leikskólanum, kl. 16:10. 7. fundur á kjörtímabilinu 2010-2014.

Mætt: Helgi Jóhannesson formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson, Gunnar Þór Jóhannesson, Halldóra Halldórsdóttir leikskólastjóri, Hanna Björk Grétarsdóttir, fulltrúi starfsfólks. Inga Jóna Hjaltadóttir, fulltrúi foreldra mætti ekki til fundarins.

Dagskrá:

1. Skýrsla leikskólastjóra.
2. Ytra mat, niðurstöður foreldrakönnunar.
3. Önnur mál.

Formaður setti fund og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla leikskólastjóra.

- Vorskólinn var í annarri viku maí, hann riðlaðist aðeins til vegna veikinda en honum var púslað saman og úr urðu hinar skemmtilegustu stundir. Snillingar fóru í kennslustund með 1.bekk og frímínútur, þau fóru saman í skóginn og þar voru grillaðar pylsur og sykurpúðar. Á föstudeginum var svo sundkennsla hjá Árna, börnin voru alsæl eftir skemmtilega daga.
- Vorsýningin okkar var síðastliðinn föstudag hún lukkaðist mjög vel og var hin glæsilegasta, starfsfólkið lagði sig allt fram í uppsetningu verkanna og á hrós skilið. Börnin sungu vel valin lög og gerðu það lista vel og af mikilli innlifun. Foreldrafélagið sá um veitingarnar, kaffi, djús og grænmeti. Kókubasar foreldrafélagsins gekk líka mjög vel og voru allar kökur seldar áður en Vorsýningu lauk.
- Vorhátíðin okkar verður svo föstudaginn 27.maí og vonumst við til að allir geti leikið úti í stöðvum og borðað grillaða hamborgara úti, og að sjálfsögðu vonumst við til þess að veðrið leiki við okkur.
- Starfsmannabreytingar voru núna í maí, Ragnheiður Ósk hætti störfum 15. maí og Erla bætir við sig og kom þannig í hennar stað.
- Garðyrkjuvikan var í síðustu viku og í samstarfi við Flúðaskóla, elstu börnin fóru og fengu fræðslu um niðursetningu grænmetis og kryddjurta hjá Sjöfn og grunnskólabörnin komu til okkar. Þau byrjuðu á því að dreifa rotmassa og búa til garða síðan voru sett niður útsæði og gulrótarfræ, að endingu var settur akryldúkur yfir, okkur fannst vel til takast og finnst þetta samstarf spennandi og eflaust hægt að þróa enn betur fyrir næsta ár.
- Í maí eru 48 börn í leikskólanum. Barnafjöldi í júní verður með mesta móti. 42 börn verða frá 1.júní-15.júní en þá fækkar börnunum í 33. Miðað við júní á síðasta ári þá voru 24 börn skráð í leikskólann. Það er gaman að sjá hversu vel leikskólinn er nýttur í júní enda spennandi starf framundan hjá okkur fram að sumarfrí.
- Starfið í júní skiptist í þrjár athafnavikur.
- Við byrjum á fjallgönguviku 6-10 júní, þá klífum við helstu holt og hæðir í kringum okkur og toppum svo með Miðfellsgöngu, þá göngum við yfir Miðfell og endum hjá Öddu Siggu í grilli. Öll börnin nema yngsti árgangurinn ganga yfir fjallið en þau sem ekki ganga eru keyrð fram og til baka í Miðfell. Svo eru allir nema elsti árgangur keyrðu til baka í leikskólann. Elsti árgangurinn gengur svo til baka norðan við fjallið.
- Skógarvika verður 14-16 júní en þá nýtum við Kvenfélagsskóginn til leikja og fræðslu, aldrei að vita hvort við kveikjum bál og grillum okkur brauð á grein, það fer eftir því hvort veðurguðirnir verði okkur hliðhollir.
- Vatnsvika verður svo 20-24 júní, ef sumarið verður farið að ylja upp ár og læki þá förum við að vaða og nýtum okkur vatn til náms og leikja.
- Í júní þrífur starfsfólkið leikskólann hátt og lágt og leikföng verða sóttreinsuð.

2. Ytra mat, niðurstöður foreldrakönnunar.

Leikskólastjóri skýrði frá niðurstöðum könnunar sem lögð var fyrir foreldra barna í leikskólanum, dagana 2.til 6. maí 2011. Þátttakan var afar góð, 35 af 37 foreldrum svöruðu könnuninni. Niðurstöðurnar eru í heild jákvæðar fyrir starfið í Undralandi og verða nýttar til að gera enn betur. Niðurstöðurnar eru aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.

3. Önnur mál.

- a. **Skólanámskrá Undralands.** Skólanámskráin er aðgengileg á heimasíðu leikskólans.
- b. **Næsti fundur.** Gert er ráð fyrir að ekki verði fundur í næsta júnímánuði.
- c. **Skólastefna.** Formaður upplýsti um gagn mála varðandi gerð skólastefnu.

Fleira var ekki gert.

Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17.20.